

Ný stjórn skipuð þeim Anítu Jónsdóttur, formanni, Sigríði Magnúsdóttur, varaformanni, Fríðu Pétursdóttur, ritara, Ragnheiði Sigurðardóttur, meðstjórnanda og Björk Sigurðardóttur, fráfaramandi formanni, hóf störf síðsumar 2016. Með stjórninni starfaði Martha Lilja Marthensdóttir Olsen sem gjaldkeri. Á fyrsta fundi stjórnar var ákveðið að starfa eftir þemanu *Innri auður* þar sem áherslan var lögð á að nýta styrk félagskvenna og horfa inn á við. Það má með sanni segja að Betakonur hafi sannarlega sýnt að þær búa yfir miklum mannauði; virkni á fundum á þessum tveimur árum hefur verið til fyrirmyndar, fundir hafa verið einkar fjölbreyttir og gefandi og mæting á þá sérlega góð.

Sú venja hefur skapast í Betadeild að hefja vetrarstarfið á haustferð. Haustferðin 2016 var farin í Svarfaðardalinn þar sem við sóttum Önnu Dóru Hermannsdóttur á Klængshóli heim. Hún bauð okkur í Jóga á hlöðuloftinu sínu þar sem dásamlegt útsýni fram Skíðadalinn nærði ekki síður en jógaæfingarnar. Þá var haldið að Völlum, utar í sveitinni, þar sem hjónin Bjarni Óskarsson og Hrafnhildur Ingimarsdóttir tóku á móti okkur og buðu til sinnar hlöðu. Þar héldum við okkar fyrsta fund og gæddum okkur á ljúffengum veitingum úr garði og eldhúsi þeirra Vallarhjóna.

Seinni haustferðin var helguð stórafmæli Betadeildar sem fagnaði 40 ára afmæli 2. júní 2017. Þá héldu Betasystur til Skjaldarvíkur, þar sem boðið var til dögurðar. Konur voru boðnar velkomnar með fordrykk og skálað var fyrir afmælisbarninu áður en sest var að borðum. Aníta formaður hélt hátíðarræðu þar sem hún rakti sögu deildarinnar og tilkynnti að heiðursviðurkenning sem hefð er fyrir að Betadeild veiti á afmælisári yrði veitt Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur. Sigrún var ekki á landinu þennan dag og gat því ekki verið með okkur en henni var boðið á næsta fund. Þrír stofnfélagar Betadeildar starfa enn í deildinni, Hanna Salómons dóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir. Fyrir hönd Beta afhenti Aníta Hönnu og Jóhönnu 40 ára nælu samtakanna en Ingibjörg Auðunsdóttir sem ekki gat verið með okkur og var heiðruð á næsta fundi. Silja Garðarsdóttir, dóttir Betakonunnar Bjarkar Sigurðardóttur og dótturdóttir Hönnu Salómons dóttur söng fyrir okkur þrjú lög og jók með því á gleði og hátíðleik stundarinnar. Jóna Benediktsdóttir landsambandsforseti sá sér ekki fært að þiggja boð um að vera með okkur en sendi rafræna kveðju sem flutt var að því loknu.

Á undanförunum árum hafa myndast farsæl tengsl og gott samstarf milli Beta- og Mýsysstra. Þær hafa meðal annars staðið að samræðuþingum á alþjóðadegi kennara, þann 5. október,

en ekki hefur verið hefð fyrir því á Akureyri að minnast eða fagna alþjóðadegi kennara og vildu DKG konur leggja sitt af mörkum til þess að vekja athygli á deginum og efla umræðu um kennarastarfið og hefur það sannarlega tekist. Haustið 2016 var haldið samræðuþing sem bar yfirskriftina **Nýi kennarinn í starfi** og er skemmst frá því að segja að þingið, sem var öllum opið, sóttu um 70 manns og var almenn ánægja með þessa framkvæmd og framtak.

Þann 5. október 2017 var samræðuþingið haldið að Borgum við HA og þar var rætt um líðan og starfsánægju kennara. Sigrún V. Heimisdóttir, sálfræðingur flutti erindi í upphafi þings. Eftir innlegg Sigrúnar fóru fram umræður í hópum þar sem ákveðnar spurningar voru ræddar. Niðurstöður úr þeim umræðum voru sendar til Fræðslusviðs Akureyrarbæjar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Líkt og á fyrra samræðuþinginu mættu um 70-80 manns, sem ætti að vera okkur hvatning til þess að halda áfram að skipuleggja þennan viðburð og halda þannig í heiðri alþjóðadag kennara og vekja athygli á starfi DKG hér norðan heiða.

Beta- og Mýsystur hafa á undanförnum árum haldið sameiginlegan jólafund. Þann 1. desember 2016 var jólafundurinn haldinn í Naustaskóla á Akureyri. Elisabeth Jóhanna Zitterbart úr Mýdeild flutti erindi. Hún er frá Þýskalandi og sagði frá því hve hinn kaþólski undirbúningur jólanna í hennar uppvexti var afskaplega ólíkur því sem nú tíðkast á Íslandi.

Jólafundurinn 2017 var haldinn á Brúnum í Eyjafjarðarsveit. Jóna Benediktsdóttir, landssambandsforseti heiðraði okkur með komu sinni og ávarpaði fundinn. Hún minnti á markmið DKG en þau eru sjö og hverfast um það hvernig við getum hjálpað hver annarri til áhrifa og stutt menntamál. Hún lagði áherslu á að konur stæðu saman og styddu hver aðra. Rósa Kristín Júlíusdóttir úr Betadeild sagði einnig frá sínum fyrstu jólum á Ítalíu en hún dvaldi í Perugia jóln 1968.

Eins og getið var um í upphafi þá hefur innri auður félagskvenna komið fram með ýmsu móti á fundum síðastliðinna tveggja ára, í mætingu, samstöðu og þátttöku. Margar Betasystur hafa flutt erindi og sagt frá ýmsu mjög fróðlegu og skemmtilegu.

Jónína Hauksdóttir, leikskólastjóri á Naustatjörn, sagði frá ferð sem hún fór til Mexíkó, ásamt sendinefnd sem í voru fulltrúar mennta- og heilbrigðisstofnana á Akureyri. Markmið ferðarinnar var að kynna sér og koma á tengslum við svokallaða CENDI skóla sem þar eru reknir. Erna Gunnarsdóttir enskukennari í VMA okkur frá því hvernig hún nýtti námsleyfi sitt

veturinn 2014 – 2015. Hún dvaldi í London á haustönninni þar sem hún kynnti sér óhefðbundnar kennsluaðferðir með það fyrir augum að efla sig í því að ná til þeirra nemenda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu bóklegu námi og eru í brottfallshættu. Ingibjörg Auðunsdóttir sagði frá göngu sinni um Jakobsveginn, sýndi okkur myndir og einnig fengum við að gægjast ofan í bakpokann sem hún bar með sér á ferðalaginu. Einnig fengum við mjög fróðlega og skemmtilega ferðasögu frá Eygló, Halldóru og Maríu sem sóttu Evrópuráðstefnuna til Tallinn nú í sumar. Kristín Elva Viðarsdóttir skólasálfræðingur MA kynnti núvitund og stýrði núvitund á einum fundi og síðar bauð hún upp á slökun. Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi hjá HA, fjallaði um *Tæknileg tækifæri og hvernig hægt er að nýta tækni með nemendum sem glíma við náms-/lestrarörðugleika*. Einnig ber að geta þess að sú nýjung var tekin upp á fundum að syngja í lok fundar og vil ég þakka Maríu Gunnarsdóttur sérstaklega fyrir að velja falleg lög og leiða Betasystur í söng.

Þann 10. október 2017 veitti Betadeild dr. Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur, sálfræðingi, heiðursviðurkenningu fyrir sín merku fræðastörf. Halldóra Haraldsdóttir ávarpaði Sigrúnu fyrir hönd Betakvenna og fór yfir náms- og starfsferil Sigrúnar og þátt hennar í margvíslegu frumkvöðlastarfi sem snýr að velferð barna og ungmenna. Þá var Sigrúnu fært heiðursskjal, rós, bókin um Elísabetu Geirmundsdóttur og listaverk eftir Karl Guðmundsson. Að lokum risu Betakonur úr sætum og hylltu Sigrúnu með lófataki.

Landssambandsþing var haldið í Menntaskólanum á Akureyri 6.–7. maí 2017 og sáu Beta- og Mýsystur um undirbúning og ytri umgjörð skipulagsins. Þema þingsins var **Forysta og faglegt lærdómssamfélag**. Þingið þótti í alla staði vel heppnað og sóttu um 80 DKG konur það. Þrjár Betasystur fóru á Evrópuþingið í Tallin í Eistlandi í júlí 2017. Vorþing var haldið á Egilsstöðum í maí 2018, frá Betadeild fóru 6 konur og áttu góðar stundir í sérlega glæsilegu umhverfi og góðum félagsskap.

Í maí 2017 gengu 3 nýjar konur til liðs við Betadeild, þær Helena Sigurðardóttir, Hildur Hauksdóttir og Kristín Elva Viðarsdóttir. Félagskonur eru 30 í lok þessa starfstímabils og stefnt er að því að fjölga enn frekar í deildinni hausti 2018, en það náðist ekki nú í vor þar sem tilvonandi nýjar félagskonur komust ekki á fundinn.

Betasystur eru að venju virkar í starfi DKG á landsvísu, Eygló Björnsdóttir er fráfarandi forseti landssambandsstjórnar, Jónína Hauksdóttir er meðstjórnandi í landssambandsstjórn, Elín M.

Magnúsdóttir situr í Félaga- og útbreiðslunefnd og María Steingrímsdóttir í Námsstyrkjanefnd.

Aníta Jónsdóttir, formaður, fékk styrk úr Lucile Cornetet sjóðnum til þess að sækja Evrópuráðstefnu um Jákvæðan aga sem haldin var í Barcelona í mars 2017. Vert er að vekja athygli á þessum styrktarsjóði en það kom fram í máli Alþjóðaforseta DKG, Carlyne Pittman, á vörðinginu á Egilsstöðum að aðeins tvær konur á Íslandi hefðu fengið styrkinn og viti menn, þær eru Betasysturnar Aníta og Jónína.

Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að starfa með fyrsta formanni Betadeildar, Eddu Eiríksdóttur, í Hrafnagilsskóla um tíma. Hún hefði talið tímabært núna að fella tal, eins og hún orðaði það. Blessuð sé minning hennar. Mig langar að lokum að þakka ykkur kæru Betasystur fyrir samstarfið, hvatninguna, samveruna og traustið sem þið hafið sýnt mér í þau 2 ár sem ég hef starfað sem formaður í okkar góðu deild. Ég og samstarfskonur mínar í stjórn höfum lagt metnað í störf okkar og gert okkar allra besta til þess leiða starf Betadeildar síðastliðinn misseri. En það hvílir auðvitað ekki á höndum einnar manneskju eða stjórnar að byggja upp farsælt félagsstarf, við erum saman í Betadeild og við eigum allar okkar mikilvæga þátt í því að halda farsælu starfi deildarinnar upp. Við erum kyndilberar og eigum að halda ljósi Betadeildar lifandi og starfa í anda þeirra sem lögðu af stað í upphafi, fyrir 40 árum síðan. Við eigum að ganga veginn fram á við, með bjartsýni og opinn huga að leiðarljósi. Við eigum að hlúa að okkar innri auði og ennfremur að leitast við að verða ríkari af félagsauði fremur en nokkru öðru.

Fyrir hönd stjórnar 2016-2018,

Aníta Jónsdóttir, formaður.